



STAFNBÚI

Timarit nema við Auðlindadeild Háskólags á Akureyri 2004 • 12. árgangur

2004

*Þegar hlutirnir ganga
greiðlega fyrir sig ...*



Eimskip býr yfir 90 ára reynslu í flutningi á viðkvæmum matvælum og allar starfsstöðvar fyrirtækisins, hér heima og erlendis, veita ráðgjöf um meðferð sjávarafurða, allt frá höfnum í hendur neytenda.

Útflutningsdeild Eimskipi myndar þannig óslitna keðju sérfræðipekkingar í flutningslausnum sem tryggir þér greiða leið í flutningi sjávarafurða um allan heim.

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Ritstjórnarpistill

Árið 2004 hefur verið viðburðaríkt og spennandi ár fyrir Auðlinda-deild Háskólangs á Akureyri. Á vordögum útskrifaði deildin í fyrsta sinn nemendur af sjávarútvegsbraut sem höfðu lagt að baki þrjú ár í stað fjögurra. Að þessu sinni voru sjö nemendur útskrifaðir með B.Sc. gráðu en einnig voru útskrifaðir nemendur sem lokið höfðu fjögurra ára námi og hlutu nafnbótina honor í viðbót við B.Sc. gráðuna. Voru það fjórir nemendur sem marka lok gömlu Sjávarútvegsdeildarinnar. Nú á haustdögum flutti Auðlindadeildin í nýtt og glæsilegt húsnæði við háskólasvæðið að Sólborg. Nýja húsnæðið hlaut nafnið Borgir, sem er skírskotun í klettaborgir sem umlykja svæðið. Aðstaða í húsnæðinu er öll hin besta, og hefur aðstaða til kennslu batnað svo um munar, sérstaklega í verklegri kennslu.

Vorið 2005 verða útskrifaðir nemendur í annað sinn af Auðlindadeildinni, og mun það verða í fyrsta sinn sem nemendur af líftækni-, umhverfis- og fiskeldissviðum eru útskrifaðir. Í allt eru 22 nemendur sem útskrifast vorið 2005; fimm af líftækni braut, þrír af umhverfisbraut, einn af fiskeldisbraut og þrettán af sjávar-

útvegsbraut. Greinilegt er af þessu að deildin er að stækka og enn stærri árgangar koma til með að útskrifast á næstu árum.

Stafnbúi er félag auðlindadeildarnema við Háskóllann á Akureyri. Markmið þess hefur ætlið verið að kynna deildina út á við, efla félagslíf nemenda við deildina, og efla tengsl nemenda við atvinnulífið. Meðal þess sem tekið er upp á eru árlegar vísindafeirðir, þar sem farið er í heimsóknir til fyrirtækja og stofnana. Oft er tekinn fyrir viss landshluti og reynt er að hafa fyrirtækja heimsóknirnar eins fjölbreyttar og mögulegt er, því áhugasvið nemenda eru margvisleg.

Í þessu blaði var leitast við að hafa efni þess eins fjölbreytt og mögulegt var því, eins og áður sagði, hefur deildin tekið stakka-skiptum hvað varðar námsframboð á seinustu árum. Blaðið kemur nú út í tólfta sinn.

Að lokum vill ferðanefnd Stafnbúa þakka öllum þeim sem komu að því að gera blaðið að því sem það er. Má þar helst nefna styrktaraðila og greinarhöfunda sem brugðust skjótt við þegar á reyndi.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Auðlindadeild Háskólangs á Akureyri | 4 |
| Bleikjubúskapur | 6 |
| Áhrif mismunandi vinnsluáferða á gæði þorsklifrar | 10 |
| Líftækni í auðlindanýtingu | 14 |
| Multi-Ice Fjölískerfi frá STG Trading Group ehf. | 16 |
| Miðstýrt fiskverð er bölvaldur | 20 |
| Hvers vegna þarf rannsóknir í veiðítækni | 22 |
| Nemendafélagið Stafnbúi | 28 |

Ferðanefnd: Anna María Jónsdóttir,
Gunnar Pétur Gardarsson,
Jón Eðvald Halldórsson,
Jóna Sveinsdóttir

Útgefandi: Stafnbúi, félag
auðlindadeildarnema
við Háskóllann
á Akureyri

Forsíða: Tryggvi Sveinsson,
starfsmáður við
útbú Hafrannsókna-
stofnunar Íslands
á Akureyri

Umbrot og prentun: Ásprænt Still



BAKARIÐ VID BRÚNA

DALSBRAUT 1 • 600 AKUREYRI
Sími 461 2700 og 461 2701



Auðlindadeild Háskólangs á Akureyri

Nemendur frá Auðlindadeild starfa hjá fyrirtækjum sem flest eru í daglegum tengslum við alþjóðlegt umhverfi.

Markmið auðlindadeilda er að búa nemendur undir störf og framhaldsnám í alþjóðlegu og krefjandi umhverfi. Árið 2004 er fyrsta árið sem hin eiginlega Auðlindadeild sem var stofnuð árið 2002 útskrifar nemendur og munu þá nemendur af líftæknisviði og umhverfissviði bælast við sjávarútvegsfræðinga sem deildin hefur útskrifað í gegnum árin. Þverfagleg þekking sem nemendur öðlast hefur verið mjög eftirsótt hjá fyrirtækjum og starfa útskrifaðir nemendur hjá fyrirtækjum á ýmsum sviðum um allan heim. Fjögur svið eru nú kennd á Auðlindadeild, en þau eru umhverfisfræði, fiskeldi, sjávarútvegsfræði og líftækni. Umhverfisfræði er almennt grunnnám í náttúruvísindum ásamt námi í umhverfisskipulagi, umhverfismati, áhrifum mengunar, auðlindahagræði og viðskiptagreinum. Fiskeldi er þverfaglegt og byggir m.a. á líffræði fiska, örverufræði, sjúkdómafræði, fóður- og hráefnisfræði, eldistækni og viðskiptagreinum. Sjávarútvegsfræði, er elsta brautin innan deildarinnar en á brautinni eru auk grunngreina kenndar sérgreinar eins og stjórnun, hagfræði, viðskiptafræði, líffræði og ýmsar tæknigreinar. Á líftæknisviði eru kenndar undirstöðugreinar líftækni, t.a.m. efnafræði, örverufræði, lífeftnafræði og erfðafræði, ásamt viðskiptagreinum. Líftækni er vinnsla á lífeftnum úr frumum eða frumuhlutum sem má nýta til matvælavinnslu, lækninga og í ýmis konar iðnað. Námið í deildinni er ætlað að veita þverfaglegan grunn sem nýtist vel til stjórnunarstarfa eða frekara náms erlendis sem og hérlandis.

Námið er viðtækt og veitir haldgóða undirstöðumenntun í náttúrvísindum og greinum sem tengjast nýtingu auðlinda, stjórnun, markaðsstarfi og viðskiptagreinum. Það gerir nemendum kleift að kynna á hugaverðum fræðasviðum og opnar margar möguleika að námi loknu, t.a.m. framhaldsnámi í auðlinda- og umhverfisfræðum, fjármálum, líffræði og fleiri greinum.

Líkt og öll ár þá vinna kandidatar lokaritgerð á lokaðinn þeirra náms, og nýta þeir þá þekkingu sem hefur fengist í gegnum námið til að vinna að krefjandi verkefni. Hafa þessi verkefni verið bæði morg og fjölbreytt. Síðastliðið vor útskrifuðust samtals 11 nemendur frá deildinni fíjorir frá gömlu sjávarútvegsbrautinni og sjö frá hinni nýstofnuðu auðlindadeild. Þau verkefni sem þetta góða fólk tók sér fyrir hendur segir kannski og sýnir hvað námið hér er fjölbreytt.

Ásmundur Gíslason

Heiti verkefnis: Mysuafurðir

Ásta Hrönn Björgvinsdóttir

Heiti verkefnis: Sjálflysandi fiskiskilja prófuð í rækjutrolli

Baldur Snorrason

Heiti verkefnis: Gæðastjórnun og gæðakerfi

Steinar Rafn Baldursson

Heiti verkefnis: Los:ástæður og áhrif aukningar við vinnslu.

Björn Brimar Hákonarson

Heiti verkefnis: Flæðisoltun-pækill

Eggert Högni Sigmundsson

Heiti verkefnis: Frá bónda til lokaafurðar: nýtingargreining grísakjöts úr úrbeininga- og flæðilínu Marels hjá Norðlenska

Eyþór Björnsson

Heiti verkefnis: Oliunotkun íslenska fiskiskipafloftans og losun gróðurhúsalofttegunda frá honum

Helga Sigurðs Valgeirs dóttir

Heiti verkefnis: Fiskistofa sem þjónustustofnun

Ólafur Eggertsson

Heiti verkefnis: Útgerðarfélag Akureyringa hf: pakningar og gæði þorskbita

Svanberg Snorrason

Heiti verkefnis: Bónuskerfi Útgerðarfélags Akureyringa: greining á núverandi kerfum, endurbætur á þeim eða tillögur að nýjum kerfum

Tómas Árnason

Heiti verkefnis: Lúðueldi í Eyjafirði

Joe's
Tískuverslun
SÍMI 462 6200

Kulda fatnaður

- Stakkar
- Úlpur
- Dúnstakkar

Verð frá kr.
9.990,-

BESTIR
Í FÖTUM



JM
AKUREYRI

SÍMI 462 3599
OPID MÁN - FOS. 9-18
LAUGARD. 11-16

P.s. JM og Joe's eru til húsa í Gránufélagsgötu 4



Bleikju búskapur

– Einar Svavarsson Hólaskóla

Fiskeldi á Íslandi má rekja allt aftur til þess að síðla á nítjándu öld var farið að klekja út laxfiska-seiðum til sleppinga í ár og vötn. Um miðja tuttugustu öldina var um skamma hrið alin urriði og regnbogasilungur til slátrunar. Á niunda áratugnum vaknaði mikill áhugi á laxeldi, sem átti þó í miklum erfiðleikum, m.a. vegna vanþekkingar, lélegra eldisstofna og lágs verðs. Á þessum tíma voru byggðar nokkrar stórar strandeldisstöðvar sem sumar eru enn í notkun. Þrátt fyrir hrakfarí i upphafi hefur náðst að leysa ýmis eldistæknileg vandamál. Skilyrði fiskanna til vaxtar hafa batnað bæði vegna betri eldisvökva (meiri súrefnismettu) og betri stofna sem sífellt er verið að kynbæta. Einnig hafa orðið mikilvægar framfarir i sjúkdómvörnum sem innlendir sérfræðingar hafa átt mikinn þátt í að þroa.

Á síðstu árum hafa nokkur sjávarútvegsfyrirtæki sýnt það í verki að þau ætla að plægja þennan akur. Stórtækust hafa þau verið í kvíaeldi á laxi á Austfjörðum en einnig hafa þau verið að prófa sig áfram með þorskeldi í kvíum og komið að tilraunum með eldi ýmissa annarra tegunda.

Bleikja er ein þeirra tegunda sem veðjað hefur verið á. Segja má að bleikja sem alin er á Íslandi er íslenskari en allt annað búf é sem haldið er á Íslandi, þar með talin sauðkindin, kýrin og hesturinn. Það er u.p.b tíu sinnum lengra síðan hún „nam hér land“ en aðrar búlfjártategundir.

Bleikjueldi byrjaði að vaxa um 1990 og hefur framleiðslan aukist árvísst frá þeim tíma og stefnir

í að fara yfir 2000 tonn á árinu 2004. Vöxturinn hefur verið að meðaltali um 18% á ári. Á þessum tíma hafa mjög margar fiskeldisstöðvar komið að bleikjueldi en undanfarin ár hafa stöðvarnar stækkað og þeim fækkað. Núna er bleikja framleidd í einhverjum mæli á a.m.k. 15 stöðum. Ástæður þess að stöðvar hafa hætt framleiðslu að bleikju hefur væntanlega í flestum tilfellum verið rekstrarvandi. Ástæður rekstrarvandans eru oft á tímum þær að náttúrulegar aðstæður (aðgangur að nægilegu vatni af réttum gæðum) beru ekki nægilega umsetningu af fiski til að reksturinn verði hagkvæmur. Einnig getur spilað hér inni mikill kostnaður við að koma afurðunum í útflutnings höfn og vanþekking á viðfangsefni. Þó er það þannig að í dag eru þær stöðvar sem framleiða bleikju af öllum stærðum og ýmsum gerðum. Stöðvarnar eru ýmist með ferskt lindar- eða yfirborðsvatn eða sjó með mismikilli ferskvatnsblöndun. Stærsta stöðin framleiðir um helming alls sem framleitt er í landinu, ein hefur verið með um 15-20% hlutdeild, þjár með 5-10% og aðrar minna og allt niður í fáein tonn. Það sem ein-kennir minnstu stöðvarnar er að þær eru reknar af einyrkjum. Eigandinn og fjölskylda hans eru vinnuafli fyrirtækisins. Með þessu móti vega lítlu stöðvarnar upp hagkvænni stærðarinnar hjá stóru stöðvunum sem byggja á aðkeyptu vinnuafli. Fiskeldi kallar á nokkuð óreglulegan vinnutíma (bakvaktir og útköll) og þar af leiðandi dýrari vinnustundir að jafnaði en í öðrum fyrirtækjum.

Ánægja einyrkjans af því að vera sjálfs síns herra verður gjarnan til þess að hann gerir ekki kröfum endurgjald í samræmi við það sem kjara-samningar gera ráð fyrir. Af ofangreindum ástæðum má gera ráð fyrir að áfram verði til littlar bleikjueldisstöðvar, sem þó stækka með árunum vegna tækniframfara, og að þeim muni fylgja smá saman. Forsenda þess að stöðvar sem framleiða innan við 200 tonn og byggja á aðkeyptu vinnuafli lifi af er að þær stækki verulega.

Bleikjueldi átti því láni að fagna að það fékk í veganesti góðan stuðning við kynbætur og ýmsar aðrar rannsóknir. Kynbætur og rannsóknir þeim tengdar voru lengst af styrktar af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og Rannís. Frá árinu 1998 hafa kynbæturnar verið fjármagnaðar með samningi Landbúnaðarráðuneytisins við Hólaskóla. Hólaskóli hóf kynbætur á bleikju haustið 1992. Áður höfðu bleikjustofnar úr mismunandi ám og vötnum verið bornir saman í eldi. Nokkrir af þeim stofnum sem komu best út úr samanburðinum voru notaðir sem grunnur að eldistofni sem síðan hefur verið kynbættur. Í upphafi var kynbótunum sett það markmið að rækta hráðvaxta eldistofn sem getur náð að minnsta kosti 1000 g þyngd tveimur árum eftir frjóvgun, verður ekki kynbroska fyrir en premur árum eftir frjóvgun, hefur góða fóðurnýtingu, gott viðnám gegn sjúkdónum og gefur hæsta verð á erlendum mörk-um. Árangur kynbótanna er augljósastur að því er varðar að seinka kynbroska. Við upphaf kyn-

Góðir námsmenn!

Hjá LÍN á okkar ábyrgð



Við öxlum ábyrgðina með þér. Nú geta námsmenn samið beint við Landsbankann um bankaábyrgð á námslánum sínum hjá LÍN og þurfa ekki að leita til foreldra eða skyldmenna um ábyrgðir.

Þetta gerum við til að bæta enn námsmannaþjónustu Landsbankans og auka valfrelsi fyrir alla námsmenn í landinu.

Landsbankinn hefur ávallt verið brautryjandi í þjónustu við námsmenn:

- Fyrsti bankinn með námsmannapjónustu
- Fyrsti bankinn með sérstaka þjónustu fyrir íslenska námsmenn erlendis
- Fyrsti bankinn til að bjóða námsmönnum lán án ábyrgðarmanna
- Fyrsti bankinn til að bjóða flugnámslán
- Fyrsti bankinn til að bjóða námslokalán
- Fyrsti bankinn til að bjóða námsmönnum að sækja um námslán í gegnum Einkabankann





Tafla 1

Meðalþyngd og kynþroski fyrstu fjögurra kynslóða bleikju í kynbótaverkefni. Eldishiti 8-10°C, selta 10-12 prómill nema fyrsta kynslóð sem var alin í fersku vatni. Það sem hér er kallað fyrsta kynslóð er raunar önnur kynslóð í eldi vegna þess að fyrsta kynslóðin var fiskur í stofnasamanburðinum sem hófst haustið 1989.

| Kynslóð | Fyrsta | Önnur | Þriðja | Fjórða |
|--|--------|-------|--------|--------|
| Frjóvunarhaust | 1992 | 1995 | 1998 | 2001 |
| Meðalþyngd við 27 mánaða aldur frá frjóvgun, g | *677 | 1056 | 956 | 1289 |
| Kynþroskatiðni á öðru hausti (1+), % | 10,3 | 5,1 | 0,6 | 1,8 |

* Uppreknuð þyngd samkvæmt formúlu Joblings (1983) til að leiðréttu fyrir að þessi kynslóð var vigtuð 4 mánuðum yngri en hinar.

bótanna var algengt að 20-30% fiska í eldi yrði kynþroska við tveggja ára aldur og áður en þeir voru komnir í sláturstærð. Við kynþroska horast bleikjan, missir bleika kjötlitinn og bragðgæði falla. Nú þegar farið hefur fram úrvál í 5 kynslóðir er tilni kynþroska við tveggja ára aldur innan við 5% og vaxtarhraði við góð skilyrð kemur meðalþyngdinni í um 1000 g á tveimur árum (sjá töflu 1). Allflestir bleikjueldisstöðvar í landinu kaupa hrogn af þessum kynbætta stofni til eldis hjá sér.

Fyrirmynndin að aðferðafræðinni við bleikju-kynbótaverkefnið er fengin frá Noregi þar sem kynbætur á laxi hafa verið stundaðar í um 3 áratugi með góðum árangri. Í stórum dráttum gengur hún út á að ala marga systkinahópa af hverri kynslóð og bera saman vaxtarhraða, kynþroskaaldur og fleiri mikilvæga eldiseiginleika þeirra. Þegar liggja fyrir niðurstöður úr mælingum á eiginleikunum eru valdir bestu einstaklingarnir úr bestu systkinahópunum til að verða foreldrar næstu kynslóðar.

Á grunni kynbótaverkefnisins er komið af stað rannsóknaverkefni í samstarfi við Kanadiska vísindamenn þar sem þess er freistað að leita að einstökum erfðavísum sem hafa afgerandi áhrif á vaxtarhraða og kynþroskaaldur bleikju.

Bleikja er alin í fleiri löndum en á Íslandi. Þar er einkum um að ræða Svíþjóð, Noreg og Kanada. Í Svíþjóð og Kanada eru jafnframt stundaðar markvissar kynbætur með sama hætti og hér. Samanlögð framleiðsla þessara landa hefur þó verið minni en framleiðsla Íslands til þessa. Samkeppnisstaða Íslands við þessi lönd er góð ef rétt er á halddi. Við höfum betri skilyrði frá náttúrunnar hendi og höfum allar forsendur til að halda forskoti í þáttum eins og gæðum eldisstofns og vörubróun. Hérlendis er meiri og ódýrari aðgangur að eldisvökva með kjörhitastig fyrir bleikjueldi.

Árið 2001 kom út skýrsla í Kanada um bleikjueldi. Þar eru meðal annars birtar niður-

stöður úr svokallaðri SWOT-greiningu, þ.e. styrkleika, veikleika, tækifærum og ógnunum bleikjueldis í Kanada. Það er fróðlegt að velta þessum niðurstöðum fyrir sér í samhengi við aðstæður hérlendis. Á meðal veikleika er tilgreint takmarkað

aðgengi að ódýru vatni, þekkingu eldismanna ábótant, ótímabær kynþroski og vaxtarstopp í eldisstofnum. Styrkleikarnir eru t.d. vaxandi neysla á sjávarfangi í Norður-Ameríku og sterkrannsóknastofnanir á sviði fiskeldis. Tækifærin





felast síðan í kynbólum, þróun á fóðri, vörupróun, markaðssetningu og vatnsendurnýtingarkerfum. Sem ógnanir er meðal annars getið um háan framleiðslukostnað og þann möguleika að aukning á framböði bleikju verði of hröð. Út úr þessari greiningu má lesa að okkar veikleiki sé helst meiri fjarlægð frá vaxandi markaði Norður-Ameriku. Kæmst Kanada fram úr okkur í öðrum þáttum gætum við kennt eigin sinnuleysi um. Sterkt rannsóknahverfi fiskeldis í Kanada eיגum við auðvölt með að færa okkur í nyt með virku samstarfi. Þar höfum við reyndar þegar gott bakland sem er samstarfssamningur Hólaskóla og fleiri íslenskra Háskóla við Háskólan í Guelph í Kanada.

Í ljósi góðra aðstæðna til bleikjueldis á Íslandi miðað við aðra staði í heiminum má velta fyrir sér hvort ekki geti verið jákvætt fyrir Ísland að önnur lond framleiði meiri bleikju og selji á mörkuðum á sínu kostnaðarverði, þ.e. að það verði þau sem ráði verðinu en ekki lægri framleiðslukostnaður á Íslandi.



Nortek

ÖRYGGISKERFI

www.nortek.is

Eirhöfða 13 · 110 Reykjavík

Sími 587 7390

nortek@nortek.is



Áhrif mismunandi vinnslu-aðferða á gæði borsklifrar

Verkefnið unnu Anna María Jónsdóttir og Hákon Rúnarsson nemendur á Sjávarútvegsbraut
Umsjónarmaður var Ásta Margrét Ásmundsdóttir aðjunkt

Markmið verkefnisins

Borsklifur fellur til í miklu magni við verkun um borð í fiskiskipum og einnig í auknum mæli frá borskeldi. Borsklifur er um 3-6% af þyngd óslægðs þorsks en 9-17% af þyngd óslægðs eldisþorsks. Þyngd lifrar er misjöfn eftir árstíðum, stærð fisks og fæðuframboði.

Ætla má að minna en 20% af lifur villts þorsks sé safnað og hún nýtt í niðursuðu eða til lýsisframleiðslu. Ástæðurnar eru meðal annars lágt verð og að geymslubol lifrarinnar er stutt, a.m.k. ef selja á hana til niðursuðu en þannig fæst mun hærra verð fyrir hana. Lifur er því aðeins safnað síðustu daga veiðiferðar. Stærsti hluti hennar fer á endanum í bræðslu.

Markmiðið með þessu verkefni var að auka geymslubol og þar með möguleika á nýtingu borsklifrar sem fellur til á fiskiskipum. Fjórar aðferðir til vinnslu á lifur voru prófaðar og voru gæði lifrarinnar metin út frá efna- og örverumælingum ásamt skynmati yfir 10 daga tímabil.

Vinnsluaðferðir

Í fiskiskipum þar sem lifur er safnað er hún skoluð með sjó, henni pakkað í stóra plastpoka sem taka 250 kg af lifur, pokinn er síðan settur í kar og isað undir og yfir. Aðferðirnar fjórar sem prófaðar voru, fólust í því að skola lifrina á mismunandi hátt fyrir pökkun. Reynt var að taka mið af aðstæðum um borð og lifrinni pakkað í ísaða kassa líkt og gert er úti á sjó.

| | |
|-----------|--|
| Flokkur 1 | Lifur skoluð upp úr natrium súltíti (rotvarnarefni) uppleystu í sjó (11°C) í 15 mín. |
| Flokkur 2 | Lifur skoluð upp úr sjó (11°C) í 15 mín. |
| Flokkur 3 | Lifur skoluð upp úr sjókrapa (0°C) í 15 mín. |
| Flokkur 4 | Lifur ekki skoluð fyrir pökkun |

Söfnun sýna

Ferskri lifur var safnað hjá Slægingarþjónustunni á Dalvík. Hver flokkur fyrir sig var verkaður á staðnum. Flokkur 1 var útbúin með því að blanda 6 g af natrium súltíti sem er rotvarnarefni út í 25 litra af 11°C heitan sjó, síðan voru lifrarnar teknar beint úr fiskinum og settar í blönduna og hafðar þar í 15 mínútur. Lifrin var svo tekin og sett í poka sem var settur í kassa og isað undir og yfir. Flokkur 2 var útbúinn alveg eins nema að lifrin var sett í 11°C heitan sjó í 15 mínútur fyrir kælingu. Flokkur 3 var útbúinn þannig að ís var blandað við sjó þannig að hitastigið var við 0°C. Lifrin var síðan sett í sjókrappan í 15 mínútur og síðan meðhöndluð eins og hinir flokkarnir. Flokkur 4 var útbúinn þannig að lifrin var tekin beint úr fiskinum og sett í pokann og isað. Kössunum fjórum var síðan komið fyrir á köldum stað og þess gætt að bæta á þá ís ef þurfti.

Skynmat, efna- og örverumælingar voru gerðar á lifrinni yfir 10 daga tímabil til þess að fylgjast með ástandi hennar. Á degi 1,3,5,7 og 9 voru tekin lifrarsýni úr öllum flokkunum fjórum. Úr hverjum flokki voru teknar nið lifrar af handahófi og útbúin þrjú safnsýni sem samanstöðu af premur lifrum hvert um sig.

Mælingar

Byrjað var á því að framkvæma skynmat, en að því loknu voru sýnin hökkuð. Sýnin voru meðhöndluð sterfl allan tímann. Síðan voru tekið tví-

sýni af hverju sýnanna og gerð á þeim TBA prófun (thyobarbituric acid test), sem er malikvarði á oxun eða þrúnun lifrarsitunnar. Sýnum var sáð á járnagar til talningar á heildarfjölda örvera og skemmdar örvera og var TSA agar sem er til ræktunar á vandlátum örverum síðan hellt yfir. Agar sem innihélt lýsi var notaður til talningar á fitusundrandi örverum og var aðeins sáð á hann á degi 1,5, og 9.

| Gæðapáttur | Lýsing | Einkunn |
|--------------|----------------------|---------|
| Blær | Skað og frísklegur | 0 |
| | Daufr brúnur litur | 1 |
| | Blöðlitlað, mislitli | 2 |
| Slím á lifur | Litið, tært | 0 |
| | Litið, brúnleitt | 1 |
| | Mlikið, brúnleitt | 2 |
| | þykkt, brúnleitt | 3 |
| Lykt | Fersk | 0 |
| | Hluttaus | 1 |
| | Þráalykt | 2 |
| | Sterk þráalykt | 3 |
| Péttleiki | Stinn | 0 |
| | Farið að linast | 1 |
| | Mjög lin | 2 |
| | Grautlin | 3 |
| Gæðastuðull | | 0-21 |



Skynmat var framkvæmt samkvæmt gæðastuðulsáðferðinni. Skilgreindir voru fjórir gæðapáttir; blær, slím á lifur, lykt og péttleiki eins og taflan sýnir.

Niðurstöður skynmats

Niðurstöður skynmats eru sýndar á linuriti 1. Greinilegt er að flokkur 2 og flokkur 3 koma og er munurinn örðin greinilegur á degi 5. Flokkur 3 sem er skolaður með sjókrapa kemur heldur betur út en flokkur 3 sem er skolaður með 11°C heitum sjó.

„Did you know it was an
Icelandic
man
that invented the
cocktail?“
sauce?





Niðurstöður örverutalningar

Á línuriti 2 og 3 má glöggjast sjá að heildarfjöldi örvera og vöxtur skemmdarörvera er lang mestur í flokki 4, en sá flokkur fékk enga meðhöndlu fyrir geymslu. Flokkur 1 hefur að geyma minnstan fjölda örvera sem er eðlilegt þar sem sýni í þeim flokki voru meðhöndluð með rotvarnarefni fyrir geymslu. Það virðist einnig gefast vel að skola með 0°C köldum sjó sbr. flokk 3, en þar er vöxtur örvera einnig lítil. Flokkur 2 er síðan sá flokkur sem skolaður var eingöngu með sjó sem var 10°C.

Niðurstöður TBA mælinga


Skol upp úr sjókrapa kemur best út en þó ekki mikil betur en skol upp úr sjó eingöngu. Skol upp úr sjó blönduðum með rotvarnarefni kemur ekki svo illa út fyrstu dagana en eftir dag 7 eykst oxun fitunar gríðarlega, svo að þessi aðferð virkar ekki ef geyma þarf lifrina lengur en 7 daga. Flokkur 4 sem fékk ekkert skol kemur langverst út en er þó jafnt hinum aðferðunum fyrstu þriðja dagana en eftir þriðja daginn eykst oxun fitunnar mikil og endar langt fyrir ofan hina aðferðarinnar.


Alyktanir

Langminnurstur fjöldi skemmdarörvera finnst í lifrinni sem var meðhöndluð með rotvörn, en það sýni kom illa út í skynmatinu og lyktar illa. Natrium sulfit er vandmeðfarið rotvarnarefni og líklegt er að það hafi þessi áhrif á útlit lifrarinnar. Til að fá marklækari niðurstöður hefði kannski verið ráð að prófa rotvarnarefnið með mismunandi styrkleika til að sjá hvort að það hefur áhrif á útlit lifrarinnar. Það er greinilegt að natrium sulfit hefur áhrif á örveruvöxt en hindrar ekki oxun fitunar, það mætti jafnvel draga þá ályktun að það hafði hvetjandi áhrif því að af þeim þremur sýnum sem meðhöndluð voru með sjó kemur þetta sýni verst út hvað varða oxun.

Það sýni sem kom næstbest út í örverumælingunni var sú litur sem var skoluð með 0°C heitum sjó, eins og við var að búast þá kom lifrin sem var ekkert meðhöndluð fyrir geymslu verst út.

Í heildina kom sýnið sem skolað var með 0°C heitum sjó best út. Það kom bæði best út í TBA-





mælingunni og skynmatinu og svo næstbest út í örverumælingunni. Þetta er því sú aðferð sem við myndum mæla með, hún er ekki erfið í framkvæmd og heldur ekki kostnaðarsöm. Einnig eru eingin aukaefni notuð í þessari aðferð sem er mikill kostur, þar sem aukaefni geta verið skaðleg og notkun þeirra oft á tímum ekki samþykkt af kaupendum.

Niðurstöðurnar fyrir ræktunina á fitusundrandi agarnum komu á óvart, þ.e. að ekki skildi vera meira um fitusundrandi örverur en raun bar vitni. Hugsanlega hefði þurft að nota annað æti til að rækta fitusundrandi örverur. Ýmsar aðrar mælingar hefði mátt gera, t.d. að athuga sýrustigið og kanna ensímvirknina í sýnum.

Heimildir

Alex Sergeev. Market for Cod liver in Russia.
Vefsíða www.eurofish.dk. (23.05.2004).

Chemicaland21.com.sótt 29.06.2004 frá:
[http://www.chemicaland21.com/
arokorhi/lifescience/lsmenu01.htm](http://www.chemicaland21.com/arokorhi/lifescience/lsmenu01.htm)

Emilia Martinsdóttir o.l. 1991. *Geymslupol
ófrystum og bíddum flökum í ís*. Rit RF 30.

Hannes Magnússon.1997. Örverur. RF pistill, 1-
2-4

Július Guðmundsson, Páll Ólafsson. (1973).

Árstíðabreytingar á lýsismagni porsklifra.
Tækniðindi, 33, 1-10.

Jónas Bjarnason. (1997). Rotvarnarefni í fisk-
iðnaði. *Rf pistill*, 8, 5.

Mathews.Oleic Acid.sótt 2.06.2004 frá:

<http://www.aw-bc.com/mathews/ch18/oleic.htm>

PDRhealth.Eicosapentaenoic (EPA).

Sótt 28.06.2004 frá http://www.gettingwell.com/drug_info/nmdrugprofiles/nutsupdrugs/eic_0104.shtml

Rannveig Björnsdóttir (2004). *Æflingahæfti í mat-
vælafræði fiska (MAT 1103)* [Bæklingur].
Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Rósa Jónsdóttir.tölvupóstur. *Hefðbundið magn
fitusýra í porsklifur*.

Sjöfn Sigurgísladóttir, Heiða Pálmarðóttir (1993).
Fatty Acid Composition of thirty-Five
Icelandic Fish Species., *Journal of American
Oil Chemists' Society*, 70: 1082-1087.

B. Loftsson, T.K. Guðmundsdóttir, H. Friðriks-
dóttir, A.M. Sigurðardóttir, J. Þorkelsson,
G. Guðmundsson og B.Hjaltason, „Fatty acids
from cod-liver oil as skin penetration
enhancers”, *Pharmazie*, 50: 188-190(1995).

Valdimar Ingi Gunnarsson.2001. Meðhöndlun á
fiski um borð í fiskiskipum. Sjávarútvegs-
þjónustan ehf, Kópavogur.



Lifur úr flokki 2 (efri röð) og 3 (neðri röð) á degi 1,5 og 7

Líftækninet í auðlindanýtingu

Þann 1. október 2004 var stofnað til þróunarverkefnesins „Líftækninet í auðlindanýtingu“. Úm er að ræða samstarf á milli lónaðar- og viðskiptaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og Háskólangs á Akureyri. Jóhann Örlygsson, dósent við Auðlindadeild Háskólangs á Akureyri hefur verið skipaður sem verkefnistjóri til þriggja ára.

Markmið samstarfsins er að ella rannsóknir og tækniprórun á svíði líftæki í þágu íslensks atvinnulifs. Hlutverk verkefnesins er að koma á virku samstarfi á milli þeirra sem vinna við líftæki í þágu íslensks atvinnulifs á landsbyggðinni. Í því felst m.a. að skilgreina ný rannsóknaverkefni; tengja saman þá sem stunda rannsóknir og þróunarstörf; vinna umsóknir; annast gerð samninga; og verkefnastjórn.

Verkefnið er í grundvallaratriðum s.k. net-samstarf, sem felur í sér samstarf aðila sem geta haft starfsvettvang á ólikum stöðum. Styrkleiki samstarfsins byggir á samlegð mismunandi sérfræðipekkningar, samnýtingu búnaðar og aðstöðu og meiri líkum á árangri með stærri rannsóknar- og þróunarverkefni.

Tilurð Líftækninetsins

Rekja má sögu líftækninetsins til áhersla iðnaðar- og viðskiptaráðherra en í stefnu hans frá 2003 segir: „Stofnsett verði sérhæft frumkvöðlastur á Akureyri á svíði líftækniiðnaðar sem byggir á nýtingu líffræðilegra erfðaauðlinda sjávar“ og „Nýjum þekkingarsviðum á bord við líftækniiðnað verður veitt sérstakt brautargengi til að próast í arðvænleg fyrirtæki“. Einnig má benda á að vaxtarsamning Eyjafjarðarsamningsins (2004) stendur að „Stofnað verði til Líftækninets“ á Akureyri“ og að „Ella rannsóknir við Háskólan á Akureyri. Í meginstefnu iðnaðar- og viðskiptaráðherra árin 2004-2007 stendur að „Stuðlað verður að því að háskólar og rannsóknastofnanir á landsbyggðinni geti stundað rannsóknir og

tækniprórun á fræðasviðum sem sérstaklega eru til bess fallin að styrkjá nýsköpun í atvinnulifi, sem hingað til hefur byggst á hefðbundnum sjávarútegi og landbúnaði. Áfram verður unnið að því að koma á samstarfi um líftæknirannsóknir“.

Aðkoma sjávarútvegsráðuneytisins er einnig skýr í líftækninetinu. Stofnað var til AVS-rannsóknasjóðs sjávarútvegsráðherra og stýrihópur um aukið verðmæti sjávarfangs skilaði skýrslu til sjávarútvegsráðherra í október 2002. Nokkur svíð eru innan AVS-rannsóknasjóðs þ.m.t. líftæki. Hlutverk AVS-rannsóknasjóðs er m.a. „að vera hvataaðili að verkefnum og samstarfi ólikra aðila og hreyfiafl til framfara á þessu svíði“. Umsóknir í líftækninið munu fara í gegnum AVS-sjóðinn. Aðkoma menntamálaráðuneytisins og Háskólangs á Akureyri er margvisleg. Í megináherslum Visinda- og tækniráðs segir m.a. að „Ella sjálfbæra nýtingu auðlinda, auka verðmætasköpun og fjölgja áhuga-verðum störfum í þekkingarsamfélagi“ og ... „samhæfa starfsemi opinberra samkeppnissjóða þannig að það nýtt sem best visinda- og tæknirannsónum og nýsköpun í íslensku atvinnulifi“.

Með tilkomu Auðlindadeilda, en hún tók til starfs haustið 2002 á styrkum stoðum fyrrum Sjávarútvegsdeilda sem var stofnsett 1990, skap- aðist einstak tækifæri fyrir Háskólan á Akureyri að byggja upp sérstöðu á ýmsum veigamiklum svíðum auðlindafræða hér á landi. Innan Auðlindadeilda er sértök áhersla lögð á nám og rannsóknir í örverufræði og **auðlindalíftæknin**, matvælafræði, fiskeldis- og sjávarútvegsfræði, og umhverfisfræði. Einnig er verið að byggja upp nám í orkufræðum með áherslu á efnistæki og endurnýtanlegar orkuauðlindir. Auk 90 eininga B.Sc. náms sem nú er í boði, er stefnt að bjóða upp á alþjóðlegt, rannsóknatengt meistaránám (M.Sc.) á öllum fræðasviðum deildarinnar í byrjun haustmisseris 2005, í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir. Augljóst er að líftækninið kemur

til með að vera mikil lyftistöng fyrir þessar hugmyndir á næstu misserum.

Auðlindadeild á náið samstarf við ýmsar rannsóknarstofnanir á vegum ríkisins sem og fyrirtæki. Hér má nefna samstarf við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknarstofnum, fiskeldisdeild Háskólangs á Hólum og við líftæknifyrtækin Prokaria og Primex. Matvælastur Háskólangs á Akureyri (MHA) tók til starfa um áramótin 2000 en hlutverk þess er að styrkjá og stýrja uppbyggingu Auðlindadeilda HA varðandi rannsóknir og rannsóknatengt nám á matvæla- svíði. Meginmarkmið er að auka verðmæti íslenskra matvælaafurða með áherslu á að finna verðmæt efni sem vinna má úr íslensku hráefni og nýta sem markfæði eða fæðubótaefni.

Auk ofangreindra atriða má segja að þrjár skýrslur liggi til grundvallar á stofnun líftækninetsins. Þessar skýrslur eru: „Möguleikar í sjávarútvekni“ (2002), „Öndvegissetur í sjávarútvekni“ (2003) og „Líftækninet í auðlindanýtingu“ (2004). Áhersla verður lögð á þrjú meginvisvið í upphafi þróunarverkefnesins. 1) umhverfi og orka, 2) auk- og bætiefni og 3) fiskeldisliftæknin). Ofangreindar skýrslur voru skrifðar af frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í samstarfi við Auðlindadeild Háskólangs á Akureyri, Atvinnuþróunarfelags Eyjafjarðar og Matvælasturs Háskólangs á Akureyri. Nálgast má þessar skýrslur á heimasiðu iðnaðar og viðskiptaráðuneytisins.

Frekari upplýsingar veitir verkefnistjóri líftækninetsins:

Jóhann Örlygsson
dósent við Auðlindadeild
Háskólinn á Akureyri
co/verkefnistjóri Líftækninets
Borgir v/Norðurslóð
Sími: 463 0946 · GSM: 659 4399
Fax: 463 0998 · Netfang: jorlygs@unak.is



Ferðaskrifstofa
Akureyrar

iHola amigot Hi there málaskólar

Torquay International School (TIS)

Lítil, einkarekinn skóli á suðvesturströnd Englands, nánar tiltekið í Devon héraðinu. TIS er þekktur meðal Íslendinga og hefur reynst mjög vel. Torquay er vinsæll sumar-dvalarstaður Englinginda og staðurinn er þekktur sem enska Riverian.

www.tisltd.co.uk

European Centre (EC)

Enskuskóli sem hefur aðsetur í Brighton, sem er sigildur sumardvalarstaður á suður Englandi þar sem margt er haegt að gera sér til afþreyingar.

www.ecenglish.com

don Quitjote

Spænskunám nytur stöðugt meiri vinsælda og er ekki furða, þar sem spænska er annað i röð þeirra tungumála sem mest eru tölud í viðskiptum og notuð af meira en 300 milljónum manna.

www.donquitjote.org

Ráðhustorgi 3 - 600 Akureyri • Sími: 4 600 600 • Fax: 4 600 610 • www.aktravel.is



Góð ávöxtun
vegur bungt
— og þar erum við á toppnum!



ÍSLENSK VERÐBRÉF
SÍGILSETNINGUR ER ÖÐKLAR FARI

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. • STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI: 460 4700 • FAX: 460 4717 • www.vb.is

ÍSLENSK
VERÐBRÉF

DNAgreining.is



PROKARIA

DNA-greining til að stofngreina eða foreldragreina dýr

- Greining náttúrulegra fiskstofna á veiðisvæðum
- Foreldragreining á hrossum og öðrum húsdýrum
- Tæki til að stýra kynbótum
- Tæki til að varðveita erfðabreytileika
- Tæki til að kortleggja erfðablöndun

Fullkominn rannsóknaraðstaða, þekking og reynsla

www.DNAgreining.is

Prokaria ehf, Gylfaflöt 5 Rvk. • Sími 570 7900

Multi-Ice Fjölkískerfi frá STG Trading Group ehf

Heildarlausn til að auka verðmæti úr sjó

Frá því fyrstu svokölluðu krapakerfi af nýri kynslóð komu fram í dagsljósið fyrir um 5-6 árum hefur átt sér stað mikil þróun í framleiðslu þeirra og þeirra tækni sem fylgir notkun þeirra hér á landi sem og í öðrum löndum. Eitt af þeim fyrirtækjum sem hefur verið hvað mest leiðandi á því sviði er Multi-Ice Fjölkískerfi frá STG Ísvéluum á Íslandi. Kerfið hefur verið þróað með það megin markmið i huga að auka bjóða heildarlausn fyrir veiðiskip og landvinnslu að auka verðmæti úr sjó.

Fjölkískerfi STG Ísvéla framleiðir allt að 2-3 mis-


munandi hitastig og ísþykkir samtímis sem hámarkar hagkvæmni kerfisins í rekstri. Það sam einar þannig nýjustu tækni í forkælingu í móttöku, kælingu eftir blöðgun og aðgerð, ísun í lest, áframhaldandi kælingu í vinnslu, tryggir lágt hitastig (sem næst -0°C) fyrir frystingu sem eykur afköst í frystingu verulega, veitir árangursríka og náttúruvæna bakteríuvörn allt geymslu- og vinnsluferlið, býður upp á anduxunarvörn í vinnsluferli til að lágmarka vökvatap (tap á náttúregum prótinum úr afurðum í vinnsluferlinu) og tryggir í heild óslitna kælikeðju frá því fiskur kemur um borð og alla leið á disk neytandans.

Engin keðja er jú sterkari en veikasti hlekkurinn eins og sagt er.

Góð reynsla af Fjölkískerfinu í Færreyjum síðan 2001

Í dag er Multi-Ice Fjölkískerfið í notkun viða um heim, meðal annars hér á landi og hefur skilað miklum árangri í auknum gæðum og meiri verðmætum við geymslu á ferskum fiski í allt að 2-3 vikur. Eitt þeirra stóru ísliskiskipa sem voru fyrst til að taka kerfið í notkun í byrjun árs 2001, hefur notað STG Fjölkískerfið óslitið síðan með





sérlega góðum árangri. Þetta er stærsti ísliskotgari frænda okkar Færeyinga, Roc Amador (800 brt) sem gerður er út frá Vági á Suðurey. Meðal þess árangurs sem náðst hefur þar um borð má nefna allt að 15 sinnum hraðari niðurkælingu og geymsluhitastig við -0,5 til -0,7°C, stóraukið geymslupol á ferskum fiski, eða úr ca. 7-10 dögum í allt að 20-25 daga, en jafnframt allt að 10-15% hærra verð og mun betri nýtingu á skipinu þar sem veiðiferðir geta nú verið allt að 20 dagar í stað 7 til 10 daga með hefðbundnum í áður.

Aukið geymslupol og hærra verð

Þá er vinnuhagræðing um borð veruleg og áhöfn skipsins þarf ekki lengur að óttast að verða íslaus þar sem Fjöllískrapinn er einfaldlega framleiddur úr sjó. Roc Amador hefur undanfarin ár selt afta sinn m.a. á fiskmarkaðnum í Hanstholm í Danmörku. Skipið fær undantekningarlaut besta fánalega verð fyrir aflann, jafnvel eftir allt að 20 daga veiðiferðir, eða allt að 10-15% hærra en fyrir 5-10 daga fisk úr skelis. Uppboðshaldarar og kaupendur í Hanstholm hafa oftar en ekki verið beðnið af áhöfninni að segja til um hvaða fiskur þeir telja vera frá 1. veiðidegi, 7. degi, 14. degi eða 21 degi veiðiferðarinnar þegar fiskurinn kemur á markað, en yfirleitt ekki getað sér rétt til, nema að fá að sjá merkingar á kössunum. Þetta segir kannski betur en margt annað um hve vel tekst að varðveita útlit, ferskleika, gæði og verðmæti í ferskum fiski með Multi-Ice Fjöllískerfinu.

Að borga meira fyrir betra hráefni

Nokkur Fjöllískerfi hafa verið tekin í notkun hér á landi frá 1999, m.a. um borð í ARNARBORGINN (rækjufrystítogari nú skráður í USA), BYR-VE

aukinna gæða á hráefni og vandaðra vinnubraðga við frágang á fiski.

Þá var Fjöllískerfi tekið í notkun fyrr á þessu ári í Noregi um borð í HAVSTJERNA frá Bre-



(Túnfiskveiðar við Brasil), KALDBAK EA-1, ERNI KE-14 og FARSÆL GK-62 í Grindavík. Skiptjörinn á Farsæl GK, Grétar Þorgeirsson, hefur t.d. fengið mjög góð viðbrögð frá kaupendum á fiski úr Farsæl, segja að... „það sé ekki nokkur spurning að fiskur úr Fjöllískerfinu um borð í Farsæl sé yfirburðahráefni*. Hins vegar sé verð á mörkuðum hérlandis ótrúlega lengi að togast upp á við samanborið við nágannahlönd okkar og taki ekki nægilega mikil tillit til góðrar ísunar,

manger, (áður Eyvindur KE, Kinabátur) til ísunar á ferskum fiski í lest. Hefur aflinn m.a. verið sendur ferskur til Spánar fyrir allt að **15-20% hærra verð** en fiskur úr hefðbundnum ís.

Ótrúlegur árangur í hlýsjávarrækjueldi – 600% aukning!

Einnig hefur Multi-Ice Fjöllískerfið verið selt til Miðausturlanda til kælingar í hlýsjávarrækjueldi





með sérlega góðum árangri, en auk kælingar á eldisrækjunní þar sáu STG Ísvélar um að endurskipuleggja og betrumbæta allt vinnsluferlið, allt frá slátrun að pökken og frystingu, til að tryggja að hámarksárangur náist í vinnsluferlinu og kostir Fjölkérfisins nýttist til hins ýtrasta. Sem dæmi ná nefna að hlutfall af verðmætustu eldisrækjunní, rækju með haus til frystingar, jökkst úr 15% í 98,6%, eða um rúmlega 600%! með tilkomu Fjölkérfisins, þegar búið var að samræma alla þætti Fjölkérfisins í vinnsluferlinu. Þar til viðbótar náðist fram mikill vinnusparnaður og hagræðing, umtalsverð lækkun á framleiðslukostnaði, mikil verðmætaukning og mun betri nýting á hráefni svo eitthvað sé nefnt.

Forkæling, ísun, bakteríuvörn og andoxun – Allt í einu kerfi


Snæbjörn Tr. Guðnason hjá STG Ísvélum sagði í stuttu viðtali við Stafnbúa, „að það sé nokkuð ljóst með hliðsjón af árangri Multi-Ice Fjölkérfisins á síðstu árum hér heima sem erlendis, að notkun hefðbundinna ísunaraðferða með skelis eða flöguís eru á miklu undanhaldi, þegar kemur að því að auka verðmæti úr sjó. Það skiptir líka miklu máli að endurskoða heildarferlið sem fiskurinn fer í gegnum frá því hann er veiddur og byrja gæðaeftirlitið og kælinguna í sjálfrí móttökunni um bord eða um leið og fiskurinn kemur af króknum. Við höfum hannað Multi-Ice Fjölkérfið sem heildarlausn fyrir allt ferlið sem fiskurinn fer í gegnum; í forkælingu og ísun, sem alhliða bakteríuvörn til að tryggja aukið hreinlæti í

öllu ferlinu með XyRex bakteríuvarnartækni, viðhalda þannig bæði lágu hita- og bakteríustigi allt vinnsluferlið og síðast en ekki síst andoxunavörn til að lágmarka vökvatap úr fersku hráefni í vinnslunni. Við erum einfaldilega með tilbúna heildarlausn til að **auka verðmæti úr sjó** – er það ekki dagskipun?“ segir Snæbjörn Tr. að lokum.



Heildarlausn í kælingu, ísun og hreinlæti sem eykur verðmæti úr sjó!

Fullkomin stjórn á hitastigi og árangursrík bakteríuvörn allt vinnsluferlið skilar auknum gæðum, geymsluholi og verðmætum úr sjó.



Multi-Ice - Miklu meira en bara ís!

STG MULTI-ICE Fjölkérfi
XyRex á Íslandi

Stimi 587 6005 Fax 587 6004 stg@stg.is www.stg.is



Frostmerkilitur



Vaxkrít, til í mörgum litum

Hentug til að merkja
frosnar pakkningar



VANDAÐ OG VARANLEGT



**SEW
EURODRIVE**

GÍRMÓTORAR OG
HRADASTÝRINGAR

- Sterkir, áreiðanlegir og endingargóðir
- Beinir gírar - Holðxulgírar - Vinkilgírar - Spiroplangírar
- Mótörar með samþyggðri hradastýringu
- Hraði 0,05 - 1000 snuningar á minútu
- Snúningsvægi 1 - 60.000 Nm
- Rafmótörar 0,09 - 200 kW með og án bremsu
- Hradastýringar í stærð frá 0,37kW til 90 kW



VARMAPERK

Dalshrauni 5 • 220 Hafnarfjörð • Sími: 565 1750
Fax: 565 1951 • www.varmaverk.is
Netfang: varmaverk@varmaverk.is

Varmaverk



NÁMSMANNAPJÓNUSTA
SPARISJÓÐANNA

Einbeittu þér að náminu

Iáttu Sparisjóðinn um fjármálin

Hennar Hallgrím eh.



SPARISJÓÐUR NORÐLENDINGA

Skipagata 9 • Postbóli 220 • 602 Akureyri

Sími 460 2500



Miðstýrt fiskverð er bölveldur


Ég hef lengi verið talsmaður þess að breyta fyrirkomulagi fiskverðsákvörðunar þegar sjávarútvegsfyrirtæki kaupa fisk af eigin skipum til vinnslu í landi. Skynsamlegast væri að tengja fiskverð við eðlilegt hlutfall af afurðaverði likt gerist á frystiskipum. Þegar sjómaður ræður sig til dæmis á uppsjávarfrystiskip ráðast laun hans af afurðaverði frystrar síldar en ekki af verðþrun saltsíldar. Á nákvæmlega sama hátt ráðast tekjur sjómanns, sem ræður sig á flakafrystítogara, af verði frystra þorskafurða en ekki af verði saltfisks eða „flugfisks“. Þetta skilja allir og frekari útskyringar eru því óþarfar.

Landvinnslan býr hins vegar við verðlagningu sem miðast við meðalverð alls afta sem seldur er á fiskmarkaði. Slik miðstýring fiskverðs, með tengingu við meðalverð 12 mánaða á fiskmarkaði, mismunur vinnsluaðferðum og landssvæðum. Miðstýrd fiskverðsákvörðun leiðir auk þess að breytinga á útgerð fiskiskipa sem getur skaðað alla sem að koma: fyrirtækin og starfsfólk þess á sjó og í landi. Það hefur svo mun viðtækari, neikvæð áhrif á allt samfélagið í viðkomandi byggðarlögum.

Veikir stoðir atvinnulífsins

Verðlagsstofa skiptaverðs starfar samkvæmt kjarasamningi Landssambands Íslenskra útvegsmanna annar vegar og Vélstjórárfélags Íslands hins vegar. Gerðardómur byggði dóm sinn um samninga annarra sjómannna á þeim samningi. Nú skulum við taka dæmi úr rekstri Vinnslustöðvarinnar hf. sem sýnir ótvírætt að fiskverðsákvörðun Verðlagsstofu er í engu samhengi við afurðaverð og leiðir til lakari alkomu félagsins og tekjumissis sjómanns, landverkafólks. Afleið-

Samspil afurðaverðs og fiskverðs



Mynd 1 sýnir þorskverð eins og Verðlagsstofa reiknar út annars vegar og hins vegar það sem greinarahöfundur kallar „eðlilegt“ fiskverð og tengir verði þorskafurða.

ingin er veikari stoðir atvinnulífs í Vestmannaeyjum.

Verðlagsstofa skiptaverðs ákveður sem sagt fiskverð eftir fyrirfram gefinni forskrift. Þannig er þorskverð ákveðið sem fall af stærð eins og **mynd 1** sýnir, þ.e.a.s. samfellda línan. Verðið er einfaldlega reiknað sem ákveðið hlutfall af meðalverði alls slægðs þorsks sem landað er á fiskmarkaði og sett fram sem ein samfelld og óslitlin lína. Láréttá línan sýnir aftur á móti „eðlilegt“ fiskverð fyrir þorsk í hefðbundna boltiskivinnslu þar sem hluti aflans er sendur ferskur á markað í flugi og hluti aflans er frystur. Línan er sýnd lárétt en ætti í raun að vera litið eitt hækkanandi eftir stærð fiskjarins þar sem stærri fiskur

nýtist hlutfallslega betur í verðmeiri afurðaflokk. Þar sést að skurðpunktur eðlilegs fiskverðs og fiskverðs Verðlagsstofu er um 107 krónur á kiló. Þeir sem veiða smærri fisk en u.p.b. 1,9 kiló njóta ábata umfram þá sem veiða stærri fisk.¹ Það er með öðrum orðum verið að beina veiðinni í smærri fisk að öðru óbreyttu! Við suðurströndina er þorskur, sem ráðstafað er til frystingar, að jafnaði stærri eða um 3 kiló. Það leiðir til þess að hlutfall hráefnis í afurðaverði verður mun óhagstæðara og veikir þar með stöðu hefðbundinnar boltiskivinnslu á viðkomandi landssvæði. Þetta samhengi þekkja sjómenn flakafrystítogara og er vitanlega eðlilegt í landvinnslu einnig.

¹ Eðlilegt hlutfall fiskverðs af afurðaverði er í tilfelli þorsks til hefðbundinnar boltiskivinnslu ákvæða liðlega 50% en fyrir stærsta þorskinn í salt riflega 60%. Eðlilega fiskverðið í huga fiskvinnslumanns getur af augljósum ástæðum verðið allt annað en í huga útgerðarmannsins eða sjómannsins.

² Til að sannmælis sé gætt er rétt að geta þess að vinnulaun á kiló hækka eftir því sem fiskurinn er smærri. Ábatinn er því ekki eins mikill og myndin sýnir.

Áhrif miðstýrðrar verölagningar í saltfiskvinnslu

| | Slægdur þorskur | | Fullstaðinn saltfiskur | | AB-gæði |
|-----------------|-----------------|--------------|------------------------|--------------|---------|
| | Neðri mörk | Efri mörk | Neðri mörk | Efri mörk | |
| Þyngd kg | 2,5 | 3,5 | 1,2 | 1,7 | 92,2 |
| | 3,5 | 5,6 | 1,7 | 2,7 | 117,6 |
| | 5,6 | 8,3 | 2,7 | 4,0 | 162,3 |
| | 8,3 | | 4,0 | | 199,6 |

Tafla 1 sýnir stærðarflokun saltfiskafurða á Portúgalsmarkað og samsvarandi stærðarflokun slægðs þorsks ásamt „eðlilegu“ fishverði.

Eins og allir vita er hefðbundinn, flattur saltfiskur á Portúgalsmarkað unniinn úr netafiski og afurðaverð tengist mjög stærð. Þannig fæst hæsta afurðaverðið fyrir flattan, fullstaðinn saltfisk sem vegur yfir 4 kíló eða sem svarar til 8,3 kilóum slægðum þorski upp úr sjó. Næsthæsta verðið fæst fyrir 2,7-4,0 kilóa fullstaðinn fisk og þannig koll af kolli. Eðlilegt verð fyrir netaborsk, sem hlutfall af afurðaverði, ætti að vera frá rúmlega 50% fyrir smæsta fiskinn upp í rúmlega 60% fyrir stærsta fiskinn. Þessi lína er leiknuð inn á mynd 1 og skýrð í töflu 1. Ef fiskverðsílna Verðlagsstofu er borin saman við „eðlilegt verð“ fyrir netaborsk sést að verð á stórum netaborski er alls ekki fjarri lagi en verð fyrir millifisk til saltfiskvinnslu, þ.e.a.s. 3,5-5,6 kíló, er fjarri lagi. Millifiskurinn er einmitt uppistaða að netabátum Eyjamanna sem róa í Kantinn austan við Eyjar. Hverjar eru afleiðingar þessa augljósa misrämis

sem sýnt er fram á á mynd 1? Tökum enn dæmi úr rekstri Vinnslustöðvarinnar.

I ár gátum við ekki látið skipin okkar róa í Kantinn, hefðbundin mið Eyjamanna, þar sem þorskaflokkur hefur verið yfir 400 tonn í marsmánuði undanfarin ár. Þarna er þorskurinn að meðaltali um 4,5 kg, nokkuð smærri en til dæmis á Selvogsbanka þar sem þyngdin er að meðaltali riflega 6 kg en allinn hefur undanfarin ár verið talsvert minni á Selvogsbanka en í Kantinum. Hráefnishlutfall vinnslunnar fór í 73% ef við beittum netabátunum í Kantinn og við urðum því að beina skipunum á aðrar slóðir til veiða stærri fisk og reyna að koma í veg fyrir rekstrartap í saltfiskvinnslunni. Og hvað gerðist?

Samanburður aflaverðmælis Brynjólfss og Gandi, netabáta Vinnslustöðvarinnar í mars árin 2003 og 2004, er sláandi, sbr. töflu 2. Aflaverðmæti bátanna lækkaði um rúmar 20 milljónir eða

um 40% frá ári til árs þrátt fyrir að meðalverð netaborsksins hækkaði um rúm 10% með breyttu söknarmynstri. Ástaðan var mun minni affli.

Afleiðingin: Sjómann netabátanna urðu af miklu tekjur, sem að jafnaði eru drjúgur hluti árslauna þeirra. Starfsmólk fiskvinnslu félagsins missti af uppgripum sem fylgja aftahrotu með tilheyrandi yfirvinnu. Framlegð netaveiða og saltfiskvinnslu minnkadl umtalsvert.

Hér er dregið upp augljóst dæmi um afleiðingar miðstýrðrar ákvörðunar fiskverðs. Æg kalla þetta hiklaust þvingunaraðgerðir sem skerða samkeppnishæfni fyrirtækja og bitna á fólk í fiskvinnslu, sjómannum, eigendum Vinnslustöðvarinnar og samfélagini öllu í Eyjum. Allir tapa þegar upp var staðið!

Breytt fyrirkomulag í næsta áfanga

Mikilvægur áfangi náiðist nú fyrir skömmu þegar LÍU annars vegar og Sjómannasamband Íslands og Farmanna og fiskimannasamband Íslands hins vegar sömdu um kaup og kjör með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifð. Í næsta áfanga ætti að semja um breytingar á fiskverðsákvörðunum þannig að saman fari hagsmunir sjávarútvegsfyrirtækja og starfsmanna þeirra, bæði sjómannna og landverkafólks. Slikt er öllum til hagsbóta og forsenda þess að styrkja megi landvinnslu og þar með byggðarlögum sem eiga lit sitt að miklu leyti undir veiðum og vinnslu.

Höfundur:

Sigurgeir Brynjár Kristgeirsson
framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar

| | Verðmæti | | Verð á þorski | | Breyting verðmætis | Verð- breyting |
|------------|----------|--------|---------------|--------|-----------------------|-------------------|
| | 2003 | 2004 | 2003 | 2004 | | |
| Brynjóltur | 51.731 | 30.404 | 130,23 | 143,66 | -41,2% | 10,3% |
| Gandi | 49.857 | 28.816 | 130,44 | 144,60 | -42,2% | 10,9% |

Tafla 2





Hvers vegna þarf rannsóknir í veiðitækni?



Núverandi veiðitækni byggir á veiðiaðferðum sem flestar eru orðnar margra alda gamlar og þær yngstu eru yfir hundrað ára gamlar. Megin breytingar í veiðitækni síðustu 50 árin eða svo liggja í nýjum og betri efnun til veiðarfæragerðar og tilkomu fiskleitartækja og annara hjálpartækja til upplýsinga-öflunar og meðhöndlunar á veiðarfærum og afla. Bættur skipakostur hefur einnig haft umtalsverð áhrif á veiðigetu okkar. Að öðru leiti erum við á sama grundvallar tæknistigi og verið hefur um aldri. Við rennum blint í sjó og fáum einhvern afla. Hverrig það gerist og af hverju er meira og minna óupplýst, og tæknin leyfir nánast engin inngríp eða markvíssstýringu á meðan á veiðiferlinu stendur. Veiðarnar eiga sér stað í nær algeru „myrkri“. Þetta ástand hefur lengi verið talið ásættanlegt og eðlilegt í alla staði og er svo enn.

Það sjónarmið hefur verið nokkuð ríkjandi að ekki sé ástæða til að bæta veiðitæknina vegna þeirrar staðreyndar að við höfum auðveldlega getað ofveitt fiskistofna. Þess vegna er sú ályktun dregin að veiðitæknin sé nægi-

lega góð. Viðbrögð okkar við ofveiði hafa verið að takmarka sókn eða takmarka leyfilegt aflamagn. Við höfum einnig reynt að bæta valvirkni veiðanna með svæðalokunum, tímatakmörkunum, möskvastærð, og tegunda- og stærðarskiljum í sumum togveiðarfærum.

Almennt er gengið út frá því að ekki sé hægt að ná fiski úr vatni með




Hvers vegna þykir okkur sjálfsgagt að byggja veiðiskip fyrir 1.5 milljarða til að klóra okkur í blindni um hafið, en svo finnst okkur dýrt að spandera einu jeppaverði til að komast að því hvað við erum í raun að gera þar?

öðrum aðferðum en nú þekkjast. Hafa verður í huga að núverandi veiðitækni byggir ekki á þekkingu okkar á bráðinni, atferli hennar og viðbrögðum við veiðarfærunum. Um aldri hefur mannskepnan notað þá aðferð að prófa (og þróa) tæki og tól til fiskveiða, án þess í raun að skilja eða vita hvers vegna fiskur veiðist í þau. Enn þann dag í dag eru ekki fullnægjandi skýringar til að því hvers vegna, og jafnvel í sumum tilvikum hvernig, fiskur veiðist í hin einstökum veiðarfæri. Þar sem þekking okkar nær lengst þ.e.a.s. í togveiðarfærum, vitum við hvernig hann veiðist, af því að við höfum séð það með því að taka af því myndir neðansjávar, en við skiljum alls ekki til fulls hvers vegna hann veiðist.

Ef grannt er skoðað og af gagnrýni, liggur fyrir að þær veiðiaðferðir sem við kunnum og notum eru í eðli sinu afar frumstæðar. Í fyrsta lagi er vitneskja okkar um hvað á sér stað í sjónum þegar við erum að veiða mjög takmörkuð. Í raun erum við ávallt að vinna blindandi á meðan á veiðiferlinu stendur, af því að við vitum ekki hvað er að eiga sér stað, og vegna þess að við höfum ekki tæknilegt vald á veiðarfærinu til að bregðast við því sem er að eiga sér stað. Þetta gildir meira og minna um allar veiðiaðferðir og öll veiðarfæri. Það eina sem við getum vitað fyrir vist, er sá alli sem við á endanum höfum í hendi. En hann einn og sér segir alls ekki allt um það sem átt hefur sér stað á veiðiferlinu. Hann er einungis hin endanlega niðurstæða.

Hin raunverulega mynd af veiðiferli:





Samherji styrkir þessa útgáfu

Spilverk



Ventlar
Hábrystíðelur
Vokvabúnaður
Sjódelur
Fittings - Rör



Skemmuvegur 8
200 - Kópavogur
Sími: 544-5600
Fax: 544-5301
spilverk@spilverk.is

www.spilverk.is

HAMPIÐJAN DYNEX™
Ofurtóg

www.hampidjan.is



Þessar fjórar myndir sýna hefðbundið veiðiferli. Veiðarfæríð hverfur í hafið, við drögum það tiltekinn tíma, spáum í tiltækjar visibendingar frá mæltækjum og fáum upplýsingar frá öðrum veiðimönnum. Svo fáum við niðurstöðuna þegar allinn birtist okkur við yfirborðið.

Núverandi veiðiaðferðir eru ekki byggðar á þekkingu okkar á atferli bráðarnarinnar, heldur er þær afrakstur rannsóknaraðferða sem best er lýst sem happaglappa aðferðinni. Það er sú aðferð að prófa sig áfram þangað til viðunandi árangur næst, án þess að skilja hvers vegna. Þess vegna gefur það auga leið að möguleikar okkar til að ná auknu valdi á veiðunum með því að alltaf þekkingar á bráðinni sjálfrí og komast að því með hvaða hættí hægt er að ná betra valdi á henni, gætu að likindum orðið umtalsverðir. Einnig ber að líta til þess að á undanförnum áratugum hefur orðið mjög hröd þróun í allri tækni sem litur að umsvifum okkar neðansjávar svo sem í olíuþnaði og hernaði. Þeirri tækni hefur að lítu leiti verið beitt við fiskveiðar, og almennt ekki verið eftir henni leitað.

Alla tilhörfuðu hafa veiðarfærarannsóknir okkar Íslendinga verið í smáum stíl. Viða erlendis eru stundaðar all umfangsmiklar rannsóknir á veiðarfærum með höfuðáherslu á kjörhaefni og athuganir á því hvað lifir af fiski sem sleppur úr veiðarfærum. Ekki verður annað séð en að þar á bæjum sé gengið út frá því að núverandi veiðiaðferðum verði áfram beitt til fiskveiða um ókomin ár. Athyglisvert er, að utan þessa rannsóknageira, fara fram ýmis konar rannsóknir á fiskum og öðrum sjávardýrum, en þær eru ekki gerðar í neinu veiðitæknilegu samhengi. Slikar rannsóknir eru innan líffræði og lífeðlisfræði og stundaðar á þeim forsendum. Þær er þó hugslanlega að finna umtalsverða þekkingu á sjávardýrum sem hægt væri að nýta í bætta veiðitækni ef eftir því væri gengið. En sjávarútvegurinn leitar ekki eftir slíkri þekkingu, frekar en tækniþekkingu frá olíu-geiranum og hernaðinum. Sjávarútvegurinn er nefnilega ekki að leita eftir nýjum og betri veiðiaðferðum. Þær eru teknar góðar og gildar. All mikil er deilt um hvaða aðferðir að nota, og hvaða aðferðir að banna, en enginn sprýr hvort hægt sé að veiða fisk eða önnur sjávardýr með öðrum og markvissari hætti. Á meðan sú eftirlspurnin er ekki fyrir hendil, verður öll þróun og framfarir á þessu svíði hægfara. Á meðan við sættum okkur við vanþekkingu og vangetu verða ekki framfarir.

Ef við lítum einnig til þess, að rannsóknir á vexti og viðgangi fiskistofna, sem og margvislegar aðrar rannsóknir á lífríki hafssins, byggjast á upplýsingum sem aflað er með núverandi veiðitækni, með öllum þeim anmörkum sem á henni eru, er ljóst, að sú þekkingaröflun er miklum takmörkunum háð. Þar ætti einnig að vera eftirlspurn eftir bættri tækni, en hennar verður lítið vart innan hafrannsókna, hvar svo sem við berum niður í veroldinni. Ég vil orða það svo, að sjávarútvegurinn og greinar honum tengdar, þar með talin vísin, sem og stjórnvöld, séu í nokkurs konar andlegri sjálhheldu þegar kemur að framtíðarsýn og framtíðarverkefnum á svíði sjávarnýtingar. Gliman við að hefta veiðar og ná stjórn á nýtingu sjávardýra stendur enn, og sá slagur byrgir okkur á vissan hátt framtíðarsýn. Þó gerir vaxandi fjöldi fólk sér grein fyrir því að við getum ekki byggt framtíðarnýtingu sjávarins á núverandi tæknigetu. Ekki vegna þess að hún sé svo góð að við veiðum fó mikil, heldur vegna þess hversu léleg hún er. Flestir ætlu að geta fallist á það að okkur skortir upplýsingar úr hafinu, og okkur skortir tæknigetu til að ganga þar um garða með vitránum hætti.

Fyrri eða síðar þurfum við að takast á við það verkfeli af alvöru. Spurningin er hvenær við stöndum frammi fyrir neyðarástandi sem skikkar okkur til þess að heljast handa. Slikt neyðarástand hefur ekki skapast ennþá að flestra mati hygg ég, en það kann að vera skammt undan.

Framtíðarsýn og stefnumörkun

Draumurinn er að geta gengið beint til verks, farið á sjó, finna fiskinn fljótt og vel, geta metið ástand hans líðan, og geta síðan valið þær tegundir og þá



Greinahöfundur á leggja í rannsóknarleiðangur frá Nova Scotia vorið 2003.

stærðarflokka sem hagfellt er að taka hverju sinni úr stofninum, og að geta gert þetta án þess að valda umhverfinu og þeim lífverum sem við ekki ætlum að taka skaða eða óþægindum. Draumurinn er að hafa fullt vald á skepnunni á meðan verið er að meta hana og taka ákvörðun um það hvort hún skuli veidd. Eigi að veiða hana þá þarf hún að berast flijótt og vel til stílótrunar eða geymslu. Þetta eru svo sem ekki flóknar óskir, en ekki áhalaupsverk að fá þær uppfylltar.

Eigum við að byrja einhversstaðar í núverandi aðferðum og vinna okkur þaðan, eða þurfum við að snúa blaðinu við og nálgast verkefnið úr allt annari átt? Það kann að vera, en bráðin er útgangspunktur og þær tæknilausnir sem beyta þarf hljóta að byggjast á því hvaða áhrifa vænlegast er að beita á hana.

En þekkjum við fiskinn okkar nægilega vel? Ég svar því hiklaust neitandi. Þegar grannt er skoðað, kemur í ljós að við vitum afskaplega lítið um einstakar fiskategundir, afterli þeirra og eðli, enda hefur lítil sem engin áhersla verið lögð á þekkingarleit að því svíði í veiðitæknilegu samhengi, hvorki hér á landi né meðal annara fiskveiðipjóða.

Þess vegna verður að leita uppi þá þekkingu sem þegar er til um fiska og setja hana í veiðitækilegt samhengi. Og það verður einnig að búa til nýja þekkingu. Allt þetta krefst fjárfestinga í rannsónum og þróun. Með því að stýra, þó ekki væri nema hluta þess fjármagns sem nú þegar fer til veiðarfærarannsóna á heimsvísu, með markvissum hætti til leitar að nýjum og betri veiðiaðferðum, mætti strax ná mikilvægum áföngum. En eins og áður sagði, verður lítt vart etlirspurnar eftir framförum á þessu svíði. Getur það verið að sjávarútvegurinn hafi ekki efni á því að próa fiskveiðarnar áfram? Getur verið að þær þjóðir sem að miklu leiti lifa á fiskveiðum hafi ekki efni á slikri fjárfestingu?

Ég tel óásæltanlegt fyrir alla aðila að lifa næstu áratugina án framfara í fiskveiðum og hafrannsónum. Ég tel nauðsynlegt að hagsmunaðilar marki skýra stefnu um rannsóknir og þróunarstarfsemi á þessu svíði og að hún verði fjármögnuð svo gagn sé að. Það er ánægjulegt að Háskólinn á Akureyri hefur ákveðið að hefja starfsemi á þessu svíði. Það er ánægjulegt að Landsamband Íslenskra Útvegsmanna skuli hafa lagt þeiri starfsemi afar mikilvæg lið með því að gefa skólanum búnað til neðansjávarmyndatöku. Það er ánægjulegt að Hafrannsóknastofnun er einnig að ella starfsemi sína á þessu svíði með myndarlegum hætti. Allt ber þetta vott um að áhugi sé að aukast á markvissari rannsónum. Verkefnin eru ærin, og fyrir ungt fólk sem horfir til framtíðar í Íslenskum sjávarútvegi vil ég segja þetta: Prátt fyrir allt sem á undan er gengið í þeirri atvinnugrein, þá eignum við mikla framtíðarmöguleika. Við erum í raun á blaðsíðu eitt.

Núverandi skipan sjávarútvegsins er ekkert elifðarfyrirbaði, og það liggur fyrir að við þurfum að ná miklu betri tökum á nýtingu sjávarins sem auðlindar.

Til að ná tökum á nýtingu hafssins eignum við svo langt í land, svo mörk verk eru óunnin að það dugar komandi kynslóðum. Við þufum á nýjum hugmyndum að halda, við þurfum að beita nýjum nálgunum, og við vitum að þessi verkefni verða ekki leyst nema með aukinni þekkingu. Þeirrar þekkingar þarf að afla og til þessi þarf mannafla. Þann mannafla þarf að þjálfá til verks, og er það m.a. hlutverk stofnana eins og Háskólans á Akureyri að veita slika þjálfun. Ef að likum lætur mun á næstu árum verða aukin etlirspurn eltar fólk með þekkingu til að takast á við veiðitækileg verkefni. Þess vegna hvet ég námsmenn sem áhuga hafa á þessu svíði að láta víta af sér.

Veiðitæknin er aðal spennandi viðfangsefni. Þar eru tækifæri til að glima við vandasöm og mikilvæg verkefni í framtíðinni. Þar eru tækifæri til að feta nýjar slóðir.

Höfundur: Einar Hreinsson



Ólafur Arnar Ingólfsson fyrrum nemandi við Háskólanum á Akureyri að leggja í rannsóknarleiðangur frá Ísafirði. Ólafur er nú í Bergen við framhaldsnám og stefnir að doktorsgrádu í veiðitækni fyrstur Íslendinga.

Veislufjónusta Greifans

vid öll tækifæri

GREIFINN
VEITINGARHUS
www.greifinn.is • 460 1600
Leitið upplýsinga



Rannsóknarnámssjóður fyrir meistara- og doktorsnema

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að styrkja rannsóknatengt framhaldsnám að loknu grunnnámi við háskóla. Auglýst er eftir umsóknum um almenna styrki í byrjun hvers árs.

Einnig er hægt að sækja um **FS styrki**, sem eru veittir í samvinnu við **fyrirtæki og stofnanir**. Umsóknarfrestur fyrir FS styrki er opinn. FS styrkir eru sérstaklega ætlaðir til að efla samvinnu í íslensku atvinnulífi milli fyrirtækja, stofnana og háskóla.

Nánari upplýsingar um tilhögun almennra styrkja svo og FS styrkja er að finna á heimasíðu **RANNÍS** – www.rannis.is og í tölvupósti hjá eirikur@rannis.is. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu RANNÍS.



RANNÍS

Rannís
Rannsóknamiðstöð Íslands,
Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
www.rannis.is

**Narfi ehf.
Sími 4813600**



**Narfi ehf.
Sími 481 3600**



Góð þjónusta

á ellefu stöðum um allt land.



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
Holdur

 **National
Car Rental**

Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

Pormóður rammi – Sæberg hf.

Festa ehf.

Verðlagsstofa skiptaverðs

Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar

Sandblástur og Málmhúðun

Hnýfill

Kjarnafæði

V.E.R. skiparáðgjöf ehf.

Raftó ehf.

3X-Stál

Fiskiðjan Bylgjan

Oddi hf.

Drangur ehf.

Sjómannasamband Íslands

Próunarsjóður sjávarútvegsins

Sveitarfélagið Skagafjörður

Sjávarútvegsráðuneytið




Umboðsaðlli fyrir fisk úr Tískiskipum og gánum í Bretlandi.
 Áralöng reynslu okkar tryggir ykkur haestu verð fyrir fiskinn og legsta verð fyrir þjónustu.
 Útvegum varahluti og veðarfæri. Einnig bjóðum við upp á alla hefðbundna þjónustu.

Icebrit Limited
 Import - Export Agents

Suite A, Prince Albert Gardens Cleethorpe Road, Grimsby DN31 3AG England
 Sími 0044 1472 268800 • Fax 0044 1472 268801 • e-mail info@icebrit.com
 Páll Þeóðósson frammálastjóri, heimamáni 0044 1472 886680,
 htaðsími 0044 7831 457894 • e-mail p.theodsson@icebrit.com
 Órn Eytjörð Jónasson sölustjóri • e-mail o.jonsson@icebrit.com



Hikaðu ekki við að hafa samband við okkur hjá
ICEBRIT LTD varðandi kaup og sölu á fiski

Nemendafélagið Stafnbúi

Stafnbúi er nemendafélag Auðlindadeildarnema við Háskólanum á Akureyri. Nemendafélagið leggur metnað sinn í að sjá um félagslíf auðlindadeildarnema, auk þess að halda utan um hagsmuni þeirra. Stafnbúi sér einnig um viðburði sem tengjast atvinnulifinu í dag og kynna það nemendum. Þetta er gert með málstofum um heit málæfni liðandi stundar, auk visindaferða þar sem fyrirtæki eru heimsótt og starfsemi þeirra skoðuð.

Þann 14. febrúar höfst starfsemi Stafnbúa með stórra kynningu á Auðlindadeild á sérstökum opnum dögum í Háskólanum á Akureyri. Þar var metnaður lagður í að kynna deildina. Meðal annars var farið út á sjó og náð í botndýr sem voru höfd til sýnis í fiskabúri á staðnum. Einnig var haldin málstofa um hvalveiðar sem vakti mikla athugi og hélt umfjöllun um þau mál áfram í fjölmöldum þó nokkurn tíma á eftir.

Í byrjun mars var svo farið í „stóru“ visindaferðina, en ein slík er farin á hverju ári. Í þetta skiptið var farið í Skagafjörðinn og fyrirtæki og stofnanir þar heimsóttar. Farið var á fimmtíudegi af stað og fyrst var Fiskidjan á Sauðárkrúki heimsótt, ásamt nýju og gömlu húsnæði fiskeldisdeilar Hólkaskóla. Byggðastofnun var síðan heimsótt og þar tóku menn vel á móti okkur. Ferðinni var svo haldið heim að Hólum þar sem við fengum finnstu bleikju í kvöldmat og gistingu í gamla skólahúsinu, sem margir segja að að sé reimt í. Eftir kvöldmat á Hólum var farið í sund, spilað borðtennis (eins og oft hefur verið gert áður í visindaferðum Stafnbúa) og skoðaður botninn á nokkrum baukum. Heimsóttar voru heimasætur á staðnum og þeim haldið félagsskap fram eftir nótta.

Eftir morgunmat á föstudegi var Hólastaður skoðaður, ásamt þeim tilraunum á fiskeldi sem þar er stunduð. Eftir það var fórinni heitið á Siglufjörð. Fiskeldisáhugi manna var mikill í ferðinni og var ákvæðið að skoða fiskeldistöð Máka í Fljótunum. Það vildi ekki betur en svo að minnsti billinn í ferð-

inni festi sig og tóku við ýmsar hundakúnstir að ná bílnum upp, því hvorki voru menn með kaðal né skóflu. Billinn fór upp á endanum. Á Siglufjörð heimsóttum við liftæknifyrtækið Primex. Þar fengum við veitingar sem voru vel þegnar. Á leiðinni heim var svo farið yfir Lágheiði, sem var nýbúið að ryðja og því fengu margir að sjá Ólafsfjörð og Dalvík í fyrsta skipti í kaupbæti.

Eftir þetta fór lærðómurinn að herða á mannskapnum og prófin tóku við. Eftir þau var próflokkadíamm og aðalfundur Stafnbúa haldin hátiðlega. Kosin var ný stjórn, milli þess sem bragðað var á glæsilegum veitingum.

Það sem af er þessarar annar hefur verið haldið nýnemadjamm, fjarnefndíamm, Sprellumót, árlega dorgveiðikeppnin og visindaferð í Viking. Þetta hefur alltaf heppnast vel og mikið skálað fyrir þí...unum!!!



Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning



Garðar Guðmundsson hf.



TRYGGINGAMÍDSTÖÐIN



SAMSKIP



STRAUMRÁS



Landsvirkjun



www.akureyri.is
Akureyri



HAFNASAMLAG
NORÐURLANDS



NORÐLENSKA



VÉLAR og SKIP ehf.

Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning



Lloyd's
Register

SF SAMTÖK
FISKVINNSLUSTÖÐVA



TÍU NÁMSMENN GETA KEYPT
SÉR SKÚTU SAMAN!

Tíu hesprni Námsmannalnuféjarar sem nota kortið sitt í desember, geta átt von á **20.000 kr.** jólaleiðning frá KB banka inn á reikninginum sín. Hvort sem þeir ákveða að fárfesta saman í skútu eða eyða peningunum í hónum er algjörlega þeirra mál. Gleðleg námsmannaþjóð.



námsmannalninn.is



BETRI ÞJÓNUSTA
BETRA VERÐ

— STEFNA —

TÖLVUVERSLUN

PC TÖLVUR, FARTÖLVUR, SKJÁIR, PRENTARAR, SKANNAR, BLEK, PAPPÍR

VEFVERSLUN

TÖLVUR & TÖLVUVÖRUR Á VEFNUM OKKAR [HTTP://VEFVERSLUN.STEFNA.IS](http://VEFVERSLUN.STEFNA.IS)

NÁMSKEIÐ

PHOTOSHOP, LINUX, TÖLVUNÁM FYRIR KONUR, WIN XP, OFFICE 2003

ÞJÓNUSTA

TÖLVUVIDGERD, HEIMASÍDUGERD, HÝSING, FYRIRTÆKIJAÞJÓNUSTA

STEFNA ER NORDLENSKT FYRIRTÆKI


Stefna er með sölu og þjónustuumbað fyrir Tæknival Stefna er í nánu samstarfi við ýmis önnur tölvufyrirtæki Stefna er með námskeið í samstarfi við NTV Stefna hefur að bjóða úrvaks þjónustu og gæða vörur.

Nánari upplýsingar um okkur, vörur okkar eða námskeið er að finna á www.stefna.is



Stefna ehf Dalabraut 1 600 Akureyri simi 464-2288 stefna@stefna.is

Myndir úr félagslífi





NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lífa á heilsusamlegan hátt.



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA